

Ársskýrsla RKB 2022

Rannsóknarstofa í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum við Landspítala og Háskóla Íslands RKB

Árið 2022 var annað starfsár stofunnar en hún var stofnuð 18. maí 2021 með undirritun samnings milli forsvarsmanna og æðstu stjórnenda kvenna- og barnaþjónustu Landspítala og heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Starfsemin fór þó hægt af stað, en á árinu 2022 dró til tíðinda.

STJÓRN

Stjórn RKB á árinu 2022 var þannig skipuð:

- Þóra Steingrímisdóttir yfirlæknir, prófessor, formaður,
- Anna Ólafía Sigurðardóttir sérfræðingur í hjúkrun, klínískur dósent
- Guðlaug Júlíusdóttir, félagsráðgjafi, lektor
- Valgerður Lísa Sigurðardóttir, sérfræðiljós móðir, lektor
- Ása Vala Þórisdóttir rannsóknarstjóri heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Ragnar Grímur Bjarnason, yfirlæknir, prófessor
- Urður Njarðvík, sálfræðingur, prófessor

Stjórn rannsóknarsjóðs RKB á árinu 2022 var þannig skipuð:

- Jóhanna Gunnarsdóttir, sérfræðilæknir, lektor, formaður (tók við af Ragnheiði I. Bjarnadóttur snemma árs)
- Henný Hraunfjörð, hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri, ritari
- Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi, lektor, gjaldkeri
- Dagbjörg B. Sigurðardóttir, sérfræðilæknir, meðstjórnandi
- Rakel Björg Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, meðstjórnandi (tók við af Elísabetu Konráðsdóttur snemma árs)

STJÓRNARFUNDIR

Stjórn RKB fundaði fjórum sinnum á árinu, þar af tvisvar með stjórn rannsóknarsjóðsins og þar af einu sinni með forsvarsmönnum vísindadeildar og klíníks rannsóknarseturs, þar sem möguleg samvinna og aðstoð þeirra við stofuna var rædd og ráðgerð.

Þrír meðlimir stjórna stofu og sjóðs áttu nokkra vinnufundi þar sem innihald og texti heimasíðu voru samin.

STARFSFÓLK

RKB hefur ekki fengið starfsmann til liðs við sig en eitt helsta baráttumál stjórnarinnar er að fá heimild fyrir slíkri stöðu. Ákvörðun þar um mun þurfa að bíða eftir fasa tvö í skipuritsbreytingum forstjóra Landspítala. Væntanlegur starfsmaður hefði á hendi viðhald heimasíðu stofunnar og umsýslu styrkumsókna og -veitinga sjóðsins, auk ritunar fundargerða og ársskýrslu svo eitthvað sé nefnt.

HLUTVERK

Eitt helsta hlutverk stofunnar er að vera miðstöð vísindarannsókna í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum á Landspítala og Háskóla Íslands, m.a. með því að auka sýnileika þeirrar vísindastarfsemi sem fram fer. Þar hefur vönduð, lífleg heimasíða mikla þýðingu.

RANNSÓKNARSJÓÐUR RKB

Sjóðurinn var stofnaður í kjölfar stofnunar stofunnar. Stofnfé hans var 50 milljón króna gjöf frá Minningagjafasjóði Landspítala Íslands. Einnig barst sjóðnum peningagjöf frá Velferðarsjóði barna. Stjórn sjóðsins hefur, í samráði við stjórn stofunnar og framkvæmdastjóra kvenna- og barnasviðs, á árinu 2022 mótað skipulagsskrá sjóðsins og úhlutunarreglur og undirbúið auglýsingu og styrkveitingu úr sjóðnum á árinu 2023. Í lok árs náðist samkomulag um að styrkjaumsjónin gæti farið fram innan ResearchWeb sem vísindadeild og Vísindaráð Landspítala hefur aðgang að nú þegar.